

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 93/2012

2012/EES/50/20

frá 30. apríl 2012

um breytingu á VI. viðauka (Félagslegt öryggi) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRDUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) VI. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 18/2012 frá 10. febrúar 2012 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn ákvörðun nr. S8 frá 15. júní 2011 um að láta í té gervilimi, stærri stoðtæki og aðra verulega aðstoð sem kveðið er á um í 33. gr. reglugerðar (EB) nr. 883/2004 um samræmingu almannatryggingakerfa ⁽²⁾.

ÁKVÖRDUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 8.7 (ákvörðun nr. S7) í VI. viðauka við samninginn:

„8.8 **32011 D 0906(01)**: Ákvörðun nr. S8 frá 15. júní 2011 um að láta í té gervilimi, stærri stoðtæki og aðra verulega aðstoð sem kveðið er á um í 33. gr. reglugerðar (EB) nr. 883/2004 um samræmingu almannatryggingakerfa (Stjtið. ESB C 262, 6.9.2011, bls. 6).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti ákvörðunar nr. S8, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 1. maí 2012, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni ^(*), eða gildistökudag ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 76/2011 frá 1. júlí 2011 ⁽³⁾, hvort sem ber upp síðar.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 30. apríl 2012.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Gianluca Grippa

starfandi formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 161, 21.6.2012, bls. 24, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 34, 21.6.2012, bls. 29.

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 262, 6.9.2011, bls. 6.

^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 262, 6.10.2011, bls. 33, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 54, 6.10.2011, bls. 46.